

641. fundur

Fimmtudaginn 22. mars 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR

Benedikt S. Benediktsson, FJR

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR

Elísabet Anna Jónsdóttir, ANR

Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

Formaður bauð Elísabetu Önnu Jónsdóttur velkomna en fyrirhugað er að hún komi inn í nefndina sem varamaður.

1. Lögð fyrir fundargerðir 639 og 640. Staðfestar.

Tekin fyrir drög að reglugerð um úthlutun tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópusambandinu, vegna samnings sem gerður var 19. október 2017. Tollkvótinn er úthlutaður fyrir tímabilið 1. maí til 31. desember 2018 á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og með vísun til 5. mgr. 12. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum. Tollkvótar samkvæmt reglugerð þessari taka til vara sem upprunnar eru í ríkjum Evrópusambandsins sbr. bókun 4 við EES-samninginn.

Ákveðið að nýr tollkvóti verði auglýstur sem samsvarar þeirri hlutfallslegu aukningu sem tekur gildi frá 1. maí til 31. desember 2018.

Samkvæmt framansögðu voru lögð fram drög að reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópusambandinu samkvæmt nýjum samningi Íslands og ESB sem nefndin leggur til við ráðherra:

| <i>Vörulíður:</i> | <i>Vara</i> | <i>Tímabil</i> | <i>Vörumagn</i> | <i>Verðtollur</i> | <i>Magntollur</i> |
|-------------------|---|-------------------|-----------------|-------------------|-------------------|
| | | | kg | % | kr./kg |
| 0202 | Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst | 01.05. - 31.12.18 | 99.333 | 0 | 0 |
| 0203 | Svínakjöt, fryst | 01.05. - 31.12.18 | 166.667 | 0 | 0 |
| 0207 | Kjöt af alifuglum, fryst | 01.05. - 31.12.18 | 218.667 | 0 | 0 |
| 0208.9003 | Rjúpur, frystar | 01.05. - 31.12.18 | 66.667 | 0 | 0 |
| ex 0210 | Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig finmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum (**) | 01.05. - 31.12.18 | 33.333 | 0 | 0 |
| ex 0406 | Ostur og ystingur (**) | 01.05. - 31.12.18 | 36.667 | 0 | 0 |
| 0406 | Ostur og ystingur | 01.05. - 31.12.18 | 50.000 | 0 | 0 |
| 1601 | Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum | 01.05. - 31.12.18 | 66.667 | 0 | 0 |

| | | | | | |
|------|--|-------------------|--------|---|---|
| 1602 | Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum | 01.05. - 31.12.18 | 80.000 | 0 | 0 |
|------|--|-------------------|--------|---|---|

(**) skráð í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1151/2012 um vernd landfræðilegra merkinga og uppruna landbúnaðarafurða og matvæla

2. Tekið var fyrir erindi frá Sölufélagi garðyrkjumanna dags. 21. mars sl. þar sem bent var á að innlend framleiðsla á gulrótum muni að öllum líkindum klárast um páskana. Ákveðið var að senda út eftirfarandi drög að reglugerð til umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

| | Vara | Tímabil | Vörumagn | Verðtollar | Magnatollar |
|------------------|-------------------|-----------------|----------|------------|-------------|
| Tollskrárnúmer.: | | | kg | % | kr./kg |
| 0706.1000 | Gulrætur og næpur | 28.03.-30.06.18 | ótilgr. | 0 | 0 |

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á gulrótum og næpum. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú að innlend framleiðsla getur ekki annað markaðinum og telst því framboð ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

3. Tekið fyrir erindi frá Grænum markaði ehf, dags. 21. mars 2018 og Samasem ehf dags. 14. mars 2018 þar sem þess var farið á leit við nefndina að bjóða út þann tollkvóta á afskornum blómum sem ekki gekk út í desember sl. Einnig kom fram í erindi Samasem ehf, að kvóti á rósum og tryggðarblómum sé ekki nægjanlegur til að geta annað eftirspurn. Þá séu nallikur ekki ræktaðar hér á landi. Erindið var rætt og ákveðið að senda var út tölvupóst til dreifingaraðila og framleiðenda til að kanna stöðu markaðarins og framleiðslu innanlands.
4. Lagt var fyrir erindi frá Ekrunni ehf um vöntun á nautakjöti og þá aðallega hakkefni. Ákveðið var að senda fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila til að kanna stöðu markaðarins og framleiðslu innanlands.

Fleira ekki gert og fundi slitið.